

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verðlaun fyrir björgun manna úr lífsháska.

1873.
15. maí.

Amtmaðurinn, sem þá var yfir vesturumdæminu, hefir sent hingað útskrift af prófi, sem haldið var 8. febrúarm. f. á, við lögreglurètt Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um atvik þau, sem urðu við það, að Magnús bóndi Sigurðsson á Ósi, sem nú er hreppstjóri, og hásetar hans, þeir Stefán Jónsson frá Narfeyri, Ketill Jónsson frá Höfða og Vernharður Björnsson frá Setbergi, björguðu þremur af fimm mönnum, sem hvolfði undir á Álptafirði, og hefir amtmaður stungið uppá, að fyrnefndum mönnum verði veitt hæfleg verðlaun í peningum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það og gjörið ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt því, sem fram er komið, hefir veitt fyrnefndum hreppstjóra til verðlauna 8 rd., og hverjum af hásetunum 4 rd., og mun fê þetta verða goldið úr jarðabókarsjóðnum, þegar annaðhvort þér eða amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands gjörið tilkall til þess, en vèr höfum í dag skrifað landfógeta það, sem með þarf í þessu tilliti.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hlunnindi fyrir sparisjóðinn í Reykjavík.

20. maí.

Með bréfi, dagsettu 13. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem stjórn sparisjóðs nokkurs, sem stofnaður er í Reykjavík, sækir um, að samþykkt tæðs sjóðs verði staðfest af konungi, og að sjóðnum verði veitt ýms önnur hlunnindi, og hafið þér jafnframt farið þess á leit, að konungsstaðfesting þessi verði fengin, og að lagt verði um leið fyrir alþingi frumvarp til tilskipunar, er gefi stjórninni vald til að

1873.
20. maí.

veita sérhverjum íslenskum sparisjóð þau réttindi, að eigi verði kyrsett það fê, sem látið er í sjóðinn eða hald á það lagt, og leyfi til að gjöra ómerkar viðskiptabækur, sem glatazt hafa, og til að taka móti fê ómyndugra til þess það verði ávaxtað, og taka í leigu allt að því 6 af hundraði fyrir lán gegn veði í fasteignum, og hafið þér þar að auki með tilliti til þessa atriðis borið upp, hvort eigi væri betra, að láta sérstakt lagaboð ganga út um það, að allur leiguburður af lánum gegn veði í fasteignum skuli vera frjáls.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið látið semja frumvarp, sem verður lagt fyrir alþingi, sem í hönd fer, til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, og munuð þér sjá af tæðu frumvarpi, að þar sem það hefir þótt óþarft, að fá lagaheimild fyrir því, að veita sparisjóðum undanþágu undan lögaldi eða kyrsetning, með því þetta fæst með leyfisbræfi samkvæmt konungsráskurði 23. desbr. 1864, I., 3. gr., þá hefir stjórnin á hinn bóginn álitid, að það að eins yrði leyft, að koma fyrir fê ómyndugra og opinberra stofnana hjá sparisjóðum um stundar sakir, og sömuleiðis hefir stjórnin heldur ekki fundið næga ástæðu til, nú sem stendur, að gjöra ráðstafanir til þess, að gjöra með öllu leiguburð þann frjálsan, sem ákveðinn er í tilskipun 27. maí 1859¹ fyrir lán gegn veði í fasteignum, heldur að eins til þess að veita íslenskum sparisjóðum slík hlunnindi.

Til samlags við það, sem sagt er að framan, skal yður jafnframt til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það stjórn sparisjóðsins í Reykjavík, að stjórnarráðinu finnst það óþarft, að samþykkt sparisjóðsins verði staðfest, en ekkert mun vera því til fyrirstöðu ef um það verður sókt, að tæðum sjóð verði veitt leyfisbréf samkvæmt konungsráskurði 23. desbr. 1864, er veiti undanþágu undan kyrsetning og löghaldi á því fê, sem í sjóðinn er látið, og heimild til að selja við uppboð veð í lausafê án dóms og laga.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 263